

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1212 2021/EES/66/08

frá 8. maí 2020

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamíðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 6. gr. og 15. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 ⁽²⁾ eru tilgreindar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og vinna gegn uppgjörsbrestum, og hvetja til aga í uppgjöri. Þessar ráðstafanir ná til vöktunar á uppgjörsbrestum og innheimtu og útteilingu fjársekta vegna uppgjörsbresta. Framseld reglugerð (ESB) 2018/1229 tilgreinir einnig rekstrarleg atriði við uppgjörskaupafarlið.
- 2) Hagsmunaaðilar, þ.m.t. verðbréfamíðstöðvar, miðlægir mótaðilar, viðskiptavettvangar, verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir, hafa bent á að vegna nýrrar þróunar, s.s. áætlaða framkvæmdin á refsifyrirkomulaginu 21.–22. nóvember 2020 sem verðbréfamíðstöðvar sem nota sameiginlega uppgjörsinnviði komu á í sameiningu, sé þörf á meiri tíma til að aðlagast ráðstöfununum sem tilgreindar eru í framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229. Hagsmunaaðilar sem verða fyrir áhrifum hafa einnig gefið í skyn að þörf sé á meiri tíma vegna nauðsynlegra breytinga á upplýsingatæknikerfum, þróunar og uppfærslu á ISO-skilaboðum, markaðsprófana og breytinga á sammingsbundna fyrirkomulaginu milli hlutaðeigandi aðila. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur talið við hæfi að veita hagsmunaaðilum meiri tíma til að aðlagast þessum ráðstöfunum. Þess vegna ætti að fresta gildistöku framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229.
- 3) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 til samræmis við það.
- 4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Umfang og áætluð áhrif þessarar breytingar eru takmörkuð þar sem hún varðar eingöngu skamma frestun á dagsetningunni sem nýtt fyrirkomulag um aga í uppgjörum mun taka gildi og markaðsaðilar hafa þegar komið álitinu sínu á framfæri. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur ekki efnt til opins samráðs við almenning. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur engu að síður greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾. Við samningu draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig verið í samstarfi við aðilana að Seðlabankakerfi Evrópu. Hagsmunaaðilar hafa einnig haft samband við framkvæmdastjórnina um stuðning við frestun á gildistöku framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 275, 24.8.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 52/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 frá 25. maí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (Stjtið. ESB L 230, 13.9.2018, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229

Í stað 42. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229 kemur eftirfarandi:

„42. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 2021.“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
